

Nemendaráðgjöf

Aukin stuðningsþjónusta við nemendur í skólastarfi

Skóli:
Verkefnisstjóri:

Árbæjarskóli
Kristján Sturla Bjarnason

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Í skólastarfi í dag eru gerðar auknar kröfur um úrræði handa börnum með félagslegan vanda. Má þar nefna kvíða, vanlíðan í skóla, slæm skólasókn, áhættuhegðun, vanvirkni og annað sem flokkast undir félagslegan vanda. Ræturnar má oft rekja til umhverfisþátta s.s. heimilisaðstæðna, áfalla og annarra þátta en einnig má telja til greiningar, andlega þætti og aðra hluti sem geta haft áhrif. Í flestum tilfellum er um að ræða samspil margra ólíka þátta og því mikilvægt að skoða málin út frá öllum hliðum.

Í flestum skólum er boðið upp öflugt stuðningsnet sem samanstendur meðal annars af námsráðgjöfum, sérkennslu, stuðningsfulltrúum og þroskaþjálfum og mynda þessir aðilar svokallaða stuðningsþjónustu fyrir skólann. Þetta verkefni gengur út á að bæta við þessa þjónustu með því að auka stuðning við nemendur gegnum óformlegri ráðgjöf í samstarfi við námsráðgjafa og umsjónarkennara.

Í Evrópu og Bandaríkjunum er boðið upp á skólaþjónustu sem kallast ýmist „learning mentors“, „school based mentoring“ eða „in-school mentoring“. Það er þá nokkurs konar persónulegur ráðgjafi sem hittir nemanda reglulega í þeim tilgangi að mynda persónulegt samband sem byggist á trausti og gagnkvæmri virðingu. Þessi aðili vinnur með einstaklingnum í að þjálfva styrkleika hans, efla sjálfstraust og sjálfsmynd, auka virkni, ræða um persónuleg mál og veita almenna ráðgjöf um lífið. Íslenska orðið yfir „mentor“ í þessu samhengi hefur oft verið nefnt persónulegur ráðgjafi en eitt af sérúrræðum sveitarfélaga er svokölluð persónuleg ráðgjöf á vegum Barnaverndar. Samkvæmt skilgreiningu Barnaverndarstofu veitir persónulegur ráðgjafi barni ráðgjöf og leiðbeiningar í þeim tilgangi að styrkja það félagslega, siðferðislega og tilfinningalega, svo sem í sambandi við vinnu, menntun og tómstundir. Samband persónulegs ráðgjafa og barns eða ungmennis byggist á gagnkvæmu trausti og vinsemi.

Hugmyndin var sú að bjóða upp á svipað úrræði og persónulegan ráðgjafa en hafa hann hluta af stuðningsþjónustu grunnskólans og vinnan með nemandanum færi fram á skólatíma. Tillaga að starfstitli væri *Nemendaráðgjafi*. Nemendaráðgjafinn myndi vinna náið með námsráðgjöfum og umsjónarkennurum til að aðstoða þá með einstök mál. Hlutverk hans væri að byggja upp traust og öruggt samband við nemendur í gegnum samtöl, leik og starf. Nemendaráðgjafi gæti þannig aðstoðað námsráðgjafa með því að vera partur af stuðningsneti skólans en þó á óformlegri máta en námsráðgjafinn. Nemendaráðgjafinn væri til dæmis virkur þátttakandi í félagsstarfi skólans, myndi kenna áhugategnd valfög ásamt því að aðstoða við óhefðbundið nám í skólanum á öllum skólastigum. Tilgangur þess væri að tengjast nemendunum í gegnum leik og starf sem og tengja félagslega vanvirka nemendur inn í félagsstarf þar sem styrkleikar þeirra á öðru sviði en námsbókunum fengi að njóta sín. Með því væri einnig búið að mynda tengsl við sem flesta nemendur áður en og ef þeir þyrftu á nemendaráðgjöf að halda. Nemendaráðgjafinn væri ekki hugsaður sem beinn meðferðaraðili heldur fyrst og fremst sterkur stuðningsaðili fyrir nemendur sem þeir gætu leitað til. Meðferð, greining og flóknari mál væru í höndum námsráðgjafa og/eða sálfræðings skólans. Hér má sjá þau markmið sem lagt var upp með í byrjun verkefnis.

- Að auka vellíðan nemenda í skólastarfinu og
- Að byggja upp sjálfstraust og sjálfsmynd einstaklingsins
- Að virkja og skoða styrkleika einstaklingsins í víðari samhengi en námslega
- Að byggja upp traust og virðingu við einstaklinginn
- Að létta undir með kennurum, námsráðgjöfum og öðru starfsfólki með því að auka stuðningsnet nemenda
- Að nemendaráðgjafinn væri virkur þátttakandi í skólastarfinu og þá sér í lagi félagsstarfi í þeim tilgangi að kynnast nemendum og menningu skólans.

- Að efla stuðningsúrræði skólans ásamt því að taka þátt í forvarnarstarfi með öðru starfsfólki.
- Að veita nemendum óformlega ráðgjöf í gegnum leik og starf
- Að gefa nemendum kost á að hafa einhvern sem þau geta leitað til þegar þannig ber undir

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Ákveðið var í samráði við skólastjórnendur að skilgreina hvaða nemendur gætu nýtt sér þennan stuðning. Einnig var rætt við umsjónarkennara og svo var haft svigrúm fyrir mál sem komu upp með litlum fyrirvara. Tilraunahópurinn voru einstaklingar í unglingadeild sem af einhverjum ástæðum voru ekki alltaf að ná að fóta sig í skólanum ásamt einstaklingum á miðstigi. Það gat verið tengt hegðun, líðan eða virkni í námi.

Nemendaráðgjafi myndaði óformleg tengsl við viðkomandi einstakling og nálgadist hann út frá áhugategndum viðfangsefnum oftast en ekki tengt félagsstarfi eða valfögum. Þegar ákveðið samband eða traust var búið að myndast þá var einstaklingnum boðið hvort hann hefði áhuga á að hitta nemendaráðgjafann reglulega og taka óformlegt stöðuspjall. Þetta var mjög mikilvægt skref því eftir að samþykki lá fyrir var þetta orðið á forsendum einstaklingsins sem gerði ferlið mun auðveldara. Mótþrói minnkaði og nemandinn varð opnari fyrir lausnum. Nemandinn var auk þess kominn með einhvern sem hann treysti, gat leitað til og fannst gott að tala við. Samtölin voru síðan á þann hátt að lögð var áhersla á að finna styrkleika og vinna með þá. Ekki var um bein meðferðarsamtöl að ræða nema tilfallandi vandamál eða þegar viðkomandi þurfti öxl til að gráta á, ef svo mætti að orði komast. Stundum snérust samtölin líka um að leysa vandamál viðkomandi, fá hann til að sjá hlutina í öðru ljósi eða átta sig á margbreytileika lífsins. Þá voru sett upp markmið og þeim fylgt eftir í nokkurs konar markþjálfunarfyrirkomulagi.

Fyrirkomulagið var ólíkt eftir því hvort um væri að ræða miðstig eða unglingastig. Á miðstigi voru einstaklingarnir með fastan tíma þar sem fyrirfram skilgreind markmið voru sett með nemandanum ásamt kennurum. Foreldrar voru hafðir með í ráðum og upplýstir um úrræðið. Markmiðin tengdust yfirleitt líðan, sjálfsmynd og trú á eigin getu. Mikilvægt er að hafa í huga að úrræðið var ekki hugsað sem sérkennsla heldur frekar vinna með einstaklinginn sjálfan. Unglingastigið var meira flæðandi og unnið meira með unglingnum.

Nemendaráðgjafinn upplýsti ávallt stjórnendur um gang mála og hann var hafður með í ráðum þegar vinnsla á málefnum þessara einstaklinga fór fram. Svo fylgdi nemendaráðgjafinn þessum einstaklingum yfir árið og tók stöðuna reglulega.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Þegar verkefnið hófst formlega var búið að prufukeyra svipað form árið áður. Það var því auðveldara að gera áætlun og miða við þá reynslu sem hafði skapast. Þegar unnið er með einstaklinga þá er oft erfitt að gera of fastmótaðar áætlanir og þær áætlanir sem voru gerðar í upphafi breyttust oft í samræmi við breyttar áherslur hverju sinni. Einnig var passað upp á það að hafa áætlunina frekar sveigjanlega svo hægt væri að mæta þeim þörfum sem upp kæmu.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Eins og í öllum góðum verkefnum koma oft upp hindranir sem þarf að yfirstíga. Það getur oft verið mjög flókið að vinna með einstakling sem sýnir krefjandi hegðun og er jafnvel búinn að mála sig út í horn bæði félagslega og skólalega. Þolinmæði margra gagnvart einstaklingnum er á þrotum og því getur stundum verið snúið að réttlæta það að hann fái að sinna hlutum sem hann hefur sérstakan áhuga umfram þá hluti sem hann „ætti“ að vera að vinna. Í mörgum tilfellum fengu þessir nemendur meiri tíma með nemendaráðgjafa þar sem þeir voru virkjaðir í sínu hugðarefni. En það sem skipti máli í þessu samhengi var að þessir nemendur voru oftast en ekki búnir að vera mjög óvirkir allan veturinn, mæta illa og sýndu oft talsverða vanlíðan. Hugmyndin var því að finna leiðir til að virkja nemandann sem myndi síðan skila sér í öðrum verkefnum. Þessu var mætt með því að útskýra betur fyrir starfsfólki hver hugmyndafræðin væri og jókst skilningurinn við það.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu.

Í upphafi var lagt upp með að afrakstur verkefnisins myndi fyrst og fremst felast í aukinni vellíðan og bættu umhverfi fyrir þá nemendur sem þurfa á þjónustunni að halda. Rannsóknir hafa sýnt að með því að bjóða upp á svona þjónustu á skólatíma hafi námsárangur batnað, virkni og vinna í tímum orðið betri, haft jákvæð áhrif á hegðunarvanda nemanda, trú á eigin getu í skólanum aukist, mætingar batnað svo og líðan nemenda. Einnig höfðu rannsóknir sýnt að viðhorf einstaklinga til skólastofnana og starfsfólks hafi batnað ásamt auknu trausti. Með þetta veganesti var lagt af stað í ferðalagið og voru niðurstöðurnar allar jákvæðar, í þessa átt.

Eitt af því sem var mikið lagt upp úr í tengslum við nemendaráðgjöfina var tenging við áhugasvið nemenda. Skólinn býr svo vel að hafa fjölbreytt valfög sem auðveldar nemendum að finna eitthvað við sitt hæfi. Í sumum tilfellum var hægt að virkja einstaklingana í gegnum þau fög s.s. með tónlist, leiklist og kvikmyndagerð. Tóku þeir þátt í ólíkum verkefnum sem tengdust félagsstarfinu og/eða að byggja upp skólabrag. Má þar nefna leikrit, þematengd lög, árshátíðarmyndbönd og fleira. Stundum getur verið erfitt að meta hlutlægt hvar ávinningurinn er. Námsárangur tengja flestir við hin hefðbundnu kjarnafög en engin hlutlæg mæling var gerð á því önnur en tilfinning kennara. Sama má segja um virkni og vinnu í tímum. Sé þátttaka nemenda í listgreinum aftur á móti skoðuð og þá sérstaklega þeir tímar þar sem tókst að vekja áhuga viðkomandi nemenda má greinilega sjá aukinn námsárangur. Sem dæmi má nefna nemendur sem aldrei höfðu tekið átt í uppsetningu á leikriti á sinni skólagöngu en ákváðu að taka þátt og vera í stórum hlutverkum í söngleik skólans. Mæting batnaði einnig í sumum tilvikum og auðveldara var að tækla hegðunarvanda nemanda ef hann kom upp. Nemandinn fór að treysta starfsmönnum og viðhorf þeirra gagnvart skólanum batnaði.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Verkefnið hafði heilt yfir jákvæð áhrif á skólastarfið að mati umsækjanda. Þessir einstaklingar voru virkjaðir í hinum ýmsu verkefnum og tóku þannig virkan þátt í skólastarfinu. Vellíðan jókst og töluðu einstaklingarnir um það í lok ársins að þetta hefði gert mikið fyrir þá. Einnig voru foreldrar mjög ánægðir með verkefnið og töluðu um talsverðar jákvæðar breytingar í fari einstaklingsins. Þá var gott að geta gripið í þetta úrræði sem var með aðeins óformlegri hætti en oft er. Það hentaði vel fyrir þá einstaklinga sem eru orðnir vanir því að ganga á milli sérfræðinga og jafnvel fara fram og til baka í kerfinu. Nálgunin var mjög skýr - að byggja upp traust og skoða styrkleika sem leiddi síðan af sér traust samband þar sem einstaklingurinn fékk einhvern sem hann gat leitað til, fengið hvatningu frá og fengið aðstoð við að leysa úr sínum flækjum.

Annað sem var áhugavert er að þegar þetta spurðist út á meðal nemenda þá fóru fleiri að leita til nemendaráðgjafans. Það kom því sem nokkurs konar kaupauki með þessu verkefni að með svona óformlegri nálgun þá fannst einstaklingum þetta ekki eins mikið feimnismál. Sumir fóru jafnvel að óska eftir því að fyrra bragði að fá að ræða ákveðin mál og lærðu þar með að leita sér hjálpar - einstaklingar sem höfðu ekki verið mikið fyrir það áður fyrr og lögðu það ekki í vana sinn að bera vandamál sín og tilfinningar á torg.

Framtíð verkefnisins

Verkefnið hefur haldið áfram og þróast ennþá lengra. Það er orðið formlegra í þeim skilningi að þetta er orðið úrræði innan skólans sem kennarar og stjórnendur geta nýtt sér. Það er líka ekkert feimnismál þegar nemendur eru að hitta nemendaráðgjafann því oftast en ekki er það í kringum félagsstarf eða verkefni tengd listgreinum og því mörkin óljós. Ef markmiðin sem sett voru í upphafi eru skoðuð má segja að þau hafi vel flest gengið upp. Líðan nemenda sem tóku þátt í verkefninu jókst, að eigin sögn, svo og sjálfstraust og sjálfsmynd. Styrkleikar voru virkjaðir og nemandinn fann sig innan skólans. Einnig gekk vel að byggja upp traust og virðingu bæði gagnvart skólanum og nemenda. Það skal þó hafa í huga að samkvæmt rannsóknum og reynslu þá geta svona verkefni einnig haft langtímaáhrif sem koma ekki fram fyrr en eftir nokkurn tíma. Þá má einnig minnst á það að þegar lagt er upp með vinnu með einstaklingum sem eru mjög illa staddir þurfa markmiðin að vera raunhæf. Oftast en ekki verður fólk óþolinmótt og vill að nemendur fari úr því að mæta illa, vera vanvirkir í tímum og sýna slæma hegðun í að verða fyrirmyndarnemendur á einni nóttu. Svona verkefni taka oft langan tíma og það er gríðarlega mikilvægt að taka eftir öllum litlum skrefum í rétta átt. Á þeim skrefum er síðan hægt að byggja.

Verkefnið verður kynnt eftir þörfum og er sá sem þetta skrifar að skoða þann möguleika að vinna meistararitgerð sem myndi byggja á þessu verkefni.

Dagsetning: 15.10.2019

ÁRSGJAFARSKÓLI
SKÓLASTJÓRI

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla

Undirskrift verkefnisstjóra